



**Skýrsla um markmið, undirbúning,
framkvæmd og niðurstöður
íbúasamráðsverkefnisins vorið 2008**

Anna Gunnhildur Ólafsdóttir

Reykjavík september 2008

Efnisyfirlit

1,2 og Reykjavík í fáum orðum.....	3
Markmið	3
Leiðir.....	4
Tölfræði	7
Auglýsingar og kynning.....	9
Erlend kynning.....	10
Viðurkenning.....	10
Kostnaður	11
Litið til baka	12
Framtíðarsýn.....	15

1,2 og Reykjavík í fáum orðum

1,2 og Reykjavík er yfirskrift víðtæks samráðs borgaryfirvalda við borgarbúa um viðhaldsverkefni og smærri nýframkvæmdir í borgarumhverfinu.

Óskað var eftir ábendingum frá íbúum, eftir tveimur leiðum, á tímabilinu frá 29. febrúar til 12. apríl. Annars vegar kallaði stýrihópur í hverju hverfi eftir ábendingum frá íbúum. Hins vegar færði almenningur ábendingar/hugmyndir inn á sérstakan ábendingarvef átaksins.

Alls var 2.281 ábending færð inn á vefinn á tímabilinu frá 28. febrúar til 29. júlí. Samtals voru greidd 16.347 atkvæði um einstaka ábendingar á sama tíma. Rétt er að taka fram að aðeins er hægt að greiða hverri ábendingu eitt atkvæði á hverri tölvu (IP-númeri).

Í kjölfar samráðsfunda borgarstjóra með íbúum sendu stýrihóparnir borgarstjóra óskalista um tíu nýframkvæmdir í hverju hverfi til borgarinnar. Farið var yfir listana og komið til móts við íbúa eins og kostur var hverju sinni. Bæklingur með upplýsingum um efndir samráðsins var stendur inn á öll heimili í borginni þann 18. júlí síðastliðinn.

Markmið

Meginmarkmið hverfasamráðsins 1,2 og Reykjavík er að efla áhuga og virkni íbúa á nærumhverfi sínu. Með samráðinu er stuðlað að aukinni hverfisvitund, ánægju og ábyrgð íbúa. Félagsauðsverkefni eins og 1,2 og Reykjavík stuðla ekki aðeins að auknum tengslum borgaryfirvalda og íbúa. Samráð um forgangsroðun innan hverfa styrkir tengsl og samkennd íbúa og dregur úr félagslegri einangrun í borginni.

Ávinningur borgarinnar af samráðinu er ótvíræður. Íbúar eru sérfræðingar í nærumhverfi sínu. Með því að leita í sjóði þeirra er dýrmætrar sérfræðipækkingar um hvernig bæta megi borgarumhverfi komið til skila til borgarkerfisins. Framkvæmd verkefnisins fól í sér viðamikla auglýsinga- og kynningarstarfsemi á fyrri hluta ársins. Þannig var stuðlað að auknu upplýsingaflæði til íbúa og sýnileika þjónustu Reykjavíkurborgar úti í hverfunum.

Leiðir

Skrifstofa borgarstjóra lagði fram áætlun um skipulagningu samráðsverkefnisins 1,2 og Reykjavík í ársbyrjun. Í framhaldi af því var unnið að kynningu innan borgarinnar, undirbúningi auglýsingaefnis í samstarfi við auglýsingastofuna Jónsson & Lemack og þróun sérstaks ábendingavefs í samráði við verkfræðiskrifstofuna Iceconsult og Gagarín.

Áhersla var lögð á að nálgunin yrði í senn hverfislæg og miðlæg. Skipaðir voru fjögurra manna stýrihópar til að leiða framkvæmdina í tíu hverfum borgarinnar.

Hvern stýrihóp skipuðu eftirtaldir:

- Formaður hverfisráðs viðkomandi hverfis.
- Framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar (VEL) viðkomandi hverfis.
- Yfirverkstjóri hverfabækistöðvar (UMS) viðkomandi hverfis
- Rekstrarstjóri hverfastöðvar (FER) viðkomandi hverfis.

Stýrihóparnir höfðu í flestum tilvikum stillt saman strengi um svipað leyti og samráðinu var formlega ýtt úr vör með opnun ábendingavefsins 28. febrúar sl.

Á ábendingavefnum gefst notendum kostur á að koma á framfæri eigin ábendingum með skýringum og fylgjast með stöðu eigin ábendinga og annarra. Hægt er að færa ábendingar inn á hverfiskort, skoða yfirlit yfir þær og styðja ábendingar annarra. Tölfræði eftir hverfum og málaflokkum er aðgengileg á vefnum.

Í símaveri Reykjavíkurborgar er ábendingum gróflega beint í tvær áttir.

Ábendingum um nauðsynlegt viðhald er beint til viðkomandi hverfastöðvar framkvæmda- og eignasviðs eða hverfabækistöðvar umhverfis- og samgöngusviðs.

Ábendingum um nýframkvæmdir og stærri viðhaldsverkefni er beint til framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðva velferðarsviðs.

Stýrihópur í hverju hverfi hafði yfirsýn yfir ábendingar á vefnum og leitaði markvissra leiða til að virkja börn, unglinga og fullorðna til að setja fram fjölbreyttar hugmyndir og ábendingar í málafloknum á tímabilinu. Sem dæmi má nefna að leikskólabörn í Grafarholti tóku ljósmyndir af því jákvæða/neikvæða í umhverfinu, unglingar í Árbæ gerðu kvikmynd um göngustíga í hverfinu og haldin voru íbúa- og barnaþing í Grafarvogi.

Forgangsröðun ábendinga um nýframkvæmdir var rædd á samráðsfundum íbúa og borgarstjóra í hverfunum í vor. Fundirnir voru með öðru sniði en hefðbundnir hverfafundir borgarstjóra síðustu ár. Hver fundur stóð yfir í tvo klukkutíma með klukkutíma þátttöku borgarstjóra. Fundirnir voru haldnir á laugardögum, þrjár fundir hvern laugardag frá 12. apríl til 3. maí sem hér segir:

12. apríl	Árbær (Árbæjarskóli) 12-14 (borgarstjóri 12-13) Grafarvogur (Rimaskóli) 13-15 (borgarstjóri 13.15-14.15) Breiðholt (Seljaskóli) 14-16 (borgarstjóri 15.00 – 16.00).
19. apríl	Grafarholt (Ingunnarskóli) 11-13 (borgarstjóri 12-13) Háaleiti (Réttarholtsskóli) 13-15 (borgarstjóri 13.15-14.15) Vesturbær (Félagsmiðstöðinni Aflagrandu 40) 14-16 (borgarstjóri 14.30 - 15.30)
26. apríl	Kjalarnes (Fólkvangur) 14-16 (borgarstjóri 15-16)
3. maí	Hlíðar (Háteigsskóli) 11-13 (borgarstjóri 12-13) Laugardalur (Laugalækjarskóli) 13-15 (borgarstjóri 13.15 14.15) Miðborg (Menntasvið) 14-16 (borgarstjóri 15.00 - 16.00).

Borgarstjóri hélt stutta tölu og svaraði spurningum nokkurra gesta á hverjum fundi. Hann fór m.a. yfir helstu framkvæmdir á vegum Reykjavíkurborgar og gaf loforð um eina smærri nýframkvæmd í hverju hverfi. Samráð um forgangsröðun fór fram með ýmsum hætti á fundunum, t.a.m. með umræðum og skriflegum ábendingum fundargesta.

Flestir fundanna voru haldnir í skólahúsnæði. Áhersla var lögð á allir væru velkomnir. Boðið var upp á skemmtiatriði og sum staðar voru sérstök barnahorn, t.a.m. í Vesturbæ, Laugardals- og Háaleitishverfi. Alls staðar var boðið upp á veitingar. Fundarsókn var fór fram úr vonum og var frá 45 manns í fámennasta sveitarfélaginu á Kjalarnesi upp í ríflega 150 manns í Breiðholti, Háaleiti og Laugardal.

Í kjölfar samráðsfunda borgarstjóra með íbúum bærust borgaryfirvöldum óskalistar um tíu nýframkvæmdir í hverju hverfi borgarinnar þann 10. maí. Sérfræðingar á framkvæmda- og eignasviði og umhverfis- og samgöngusviði fóru yfir listana og komu sviðin til móts við íbúa eins og kostur var hverju sinni. Samráð var haft við skipulags- og byggingarsvið, Orkuveitu Reykjavíkur og fleiri aðila vegna einstakra verkefna.




Eftir að farið hafði verið yfir óskalistana var útbúinn bæklingur/kort yfir efndir verkefnisins og aðrar smærri nýframkvæmdir á vegum Reykjavíkurborgar á yfirstandandi og næsta ári. Landupplýsingadeild framkvæmda- og eignasviðs útbjó grunn að bæklingunum/kortinu. Auglýsingastofa Jónsson & Lemacks sá um hönnun og útlit. Bæklingunum var dreift inn á öll heimili í borginni eða 46.000 talsins þann 18. júlí sl.

Við kynningu á bæklingnum veitti borgarstjóri stýrihópi samráðsverkefnisins í Grafarholti viðurkenningu fyrir öflugna og framsækna nálgun í íbúasamráði, m.a. í verkefnum með leikskólabörnum og unglingum.

Tölfræði

Skemmst er frá því að segja að viðtökur borgarbúa við ábendingavefnum 1,2 og Reykjavík fóru fram úr björtustu vonum. Alls var 2.281 ábending færð inn á vefinn á tímabilinu frá 28. febrúar til 29. júlí. Samtals voru greidd 16.347 atkvæði um einstaka ábendingar á sama tíma. Rétt er að taka fram að aðeins er hægt að greiða hverri ábendingu eitt atkvæði á hverri tölvu (IP-númeri).

Meðfylgjandi er yfirlit yfir innsetningu ábendinga á tímabilinu frá 28. febrúar til 28. júlí.



Eins og sjá má fjölgaði skráðum ábendingum verulega í kjölfar kynningar í upphafi samráðsins og í tengslum við samráðsfundi íbúa og borgarstjóra í hverfunum í apríl og maí. Aftur er hægt að greina fjölgun í kjölfar útgáfu bæklinga um afrakstur verkefnisins í júlí sl.


Flestar af ábendingunum 2.281 snúa að götum, gangstéttum eða samgöngum eða 962 (42,17%). Næstflestar snúa að umhverfi, gróðri og hreinsun eða 486 (21,3%). Því næst koma ábendingar um íþrótt- og leiksvæði og skólalóðir eða 338 (14,82%). Að lokum koma ábendingar um göngu-/hjólreiðastíga eða 250 (10,96%) og ábendingar um annað eða 245 (10,74%).

Fjöldi ábendinga eftir hverfum er eftirfarandi:

Breiðholt	359	Grafarvogur	253
Miðborg	294	Háleiti/Bústaðir	208
Hlíðar	282	Árbær	172
Vesturbær	264	Grafarholt	143
Laugardalur	256	Kjalarnes	50

Eftir að ábendingar hafa verið færðar inn á vefinn er þeim beint til hátt í 70 ábyrgðarmanna víðs vegar innan borgarkerfisins. Eins og greint hefur verið frá er ábendingum um viðhaldsverkefni beint til hverfastöðva framkvæmda- og eignasviðs og umhverfis- og samgöngusviðs úti í hverfunum. Ábendingum um nýframkvæmdir er beint til framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðva VEL fyrir hönd hverfanna. Á meðan á áttakinu stóð var helstu verkefnum úr þeim hópi beint áfram til borgarinnar í gegnum svokallað óskalista. Ábyrgðarmenn ábendingavefsins beina ábendingum áfram með því að breyta „stöðu“ þeirra á vefnum.

Meðfylgjandi er yfirlit yfir stöðu ábendinga þann 28. júlí sl.:



Eins og sjá má er „staða“ flestra ábendinga „Í vinnslu á framkvæmda- og eignasviði“ og „Í vinnslu á umhverfis- og samgöngusviði“. Undir áður nefnda stöðu heyra ábendingar um viðhaldsverkefni á vegum hverfisstöðva framkvæmda- og eignasviðs og umhverfis- og samgöngusviðs. Þó nokkrar ábendingar hafa stöðuna „Svörun lokið“, m.a. af því framkvæmd er í mörgum liðum, framkvæmd ábendinganna rúmast ekki innan verkefnisins eða úrvinnsla krefst samvinnu við aðra aðila en Reykjavíkurborg.

Auglýsingar og kynning

Kynning á áttakinu fór fram í þremur áföngum. Fyrsta áfanganum er hægt að skipta í þrennt. Í fyrsta lagi hugmyndavinnu, áætlanagerð og undirbúningsvinnu. Í öðru lagi útlitshönnun og uppsetningu ábendingavefs. Í þriðja lagi vinnu/birtingu auglýsinga á strætó og í fjölmiðlum við auglýsingar á strætó og fjölmiðla (dagblöð og vefútgáfu).

Annar áfangi var mun yfirgripsmeiri en sá fyrsti. Honum má gróflega skipta í tvennt. Annars vegar hönnun/birtingu miðlægra auglýsinga hins vegar hverfislægra auglýsinga og kynningarefnis. Miðlægu auglýsingarnar fólu í sér auglýsingar á svokölluðum Borgarstöndum víðs vegar um borgina. Hverfislægu auglýsingarnar fólu í sér útvarpsauglýsingar, veggspjöld, prentauglýsingar og dreifirit í hús í tengslum við samráðsfundi íbúa og borgarstjóra í hverfunum. Sá áherslumunur var á kynningarefninu að slagorðið 1,2 og Reykjavík var notað á miðlæga kynningarefninu en 1,2 og (heiti hverfis) í hverfislæga kynningarefninu. Dreifirit með dagskrá samráðsfunda var sérhannað fyrir hvert af tíu hverfum borgarinnar.

Þriðji áfanginn fól í sér yfirlitsbækling um afrakstur verkefnisins. Bæklingurinn var gefinn út í einni útgáfu og borin inn á 46.000 heimili í borginni þann 18. júlí sl.

Erlend kynning

Undir yfirskriftinni Ready, steady, Reykjavík var verkefnið kynnt á tveimur alþjóðlegum ráðstefnum í sumar. Annars vegar á ráðstefnu Telecities (Eurocities) um rafræna þjónustu og landupplýsingakerfi í Ostrava í Tékklandi dagana 4. – 7. júní sl.

Hins vegar á ráðstefnu félagsmálastjóra í Evrópu í París 1. til 4. júlí sl.

Ábendingarvefurinn 1,2 og Reykjavík vakti sérstaka athygli á ráðstefnunni í Ostrava – einkum sá valmöguleiki notanda að staðsetja hugmyndir sínar á loftmynd af hverfum og einnig sá möguleiki að greiða einstökum ábendingum annarra atkvæði.

Viðurkenning

1,2 og Reykjavík hlaut tilnefningu Eurocities samtakanna til svokallaðra Eurocities - verðlauna í flokknum „Þátttaka (Participation)” í ágúst 2008. Þrjú verkefni af 17 hlutu tilnefningu í ofangreindum flokki. Hin tvö verkefni eru „Citizen Participation and Social Reequilibrium in the City of Madrid” og „Udecide – Participatory Budgeting (PB) in Newcastle” frá samnefndum borgum. Tilnefningar í flokknum „Samvinna (Cooperation)” hlutu verkefni frá borgunum Ghent, Istanbul og Lublin.

Tilnefningar í flokknum „Nýsköpun (Innovation)” hlutu verkefni frá borgunum Belfast, Espoo og Utrecht.

Eurocities-verðlaunin í hverjum ofangreindra flokka verða afhend við hátíðlega athöfn á aðalfundi Eurocities-samtakanna í Haag í Hollandi þann 26. nóvember nk. Við athöfnina er gert ráð fyrir sýningu 1,5 mín. kynningarmyndbands um hvert verkefnanna níu. Kostnaður við gerð kynningarmyndbands um 1,2 og Reykjavík og einblöðungs á ensku hefur verið áætlaður 1,4 milljónir króna.

Síðar í dagskrá sömu ráðstefnu er gert ráð fyrir verkefnastjóri 1,2 og Reykjavík stýri eins konar örumræðu eða svokallaðri „Speednetworking session” um ákveðinn þátt í verkefninu. Stefnt er að því að fjalla sérstaklega um hvernig ólíkar leiðir voru nýttar til að ná til ólíkra aldurshópa.

Kostnaður

Ekki var gert ráð fyrir sérstökum kostnaðarlið vegna verkefna í framhaldi af íbúasamráðinu. Hins vegar var eftir fremsta megni komið til móts við óskalista frá hverfunum með breyttri forgangsröðun nýframkvæmda á árinu og komandi ári. Minnt verður á nokkrar af stærri framkvæmdum óskalistanna við gerð fjárhagsáætlunar.

Að tillögu fráfarandi borgarstjóra samþykkti borgarráð 30 mkr. aukafjárveitingu til að stuðla að auknu umferðaröryggi í Háaleitis- og Laugardalshverfi í framhaldi af óskum íbúa. Upphæðin skiptist með þeim hætti að 20 mkr. verður varið til aðlögunar 30 km svæðis á Háaleitisbraut árið 2008. Tíu milljónum verður varið til aðgerða í því skyni að lækka umferðarhraða umhverfis Laugalækjaskóla á árunum 2008 til 2009.

Kostnaður vegna þróunar ábendingavefsins nam 5 mkr. Kostnaður vegna auglýsinga- og kynningarefnis nam ríflega 12 mkr¹. Hvort tveggja var greitt af framkvæmda- og eignasviði.

Kostnaður vegna enskrar útgáfu ábendingavefsins nam tæplega 190 þkr. Skrifstofa borgarstjóra greiddi þann kostnað auk minni háttar útgjalda vegna blaðamannafundar, þriggja kynningarstanda og glærubakgrunna með merki samráðverkefnisins í tengslum við samráðsfundi borgarstjóra og íbúa.

Virðisaukaskattur er innifalinn í öllum kostnaðartölum.

Auk beins kostnaðar er áætlað að um 50% stöðugildi hafi verið helgað verkefninu á fyrri hluta ársins. Ótalið er framlag þjónustuskrifstofu Reykjavíkurborgar, framlag þjónustumiðstöðva hverfanna, hverfisráða og framkvæmda- og eignasviðs við þróun ábendingavefs samráðsins.

Litið til baka

Eins og þegar hefur verið greint frá skilaði íbúasamráðsverkefnið 1,2 og Reykjavík á þriðja þúsund gagnlegra ábendinga á aðeins fimm mánaða tímabili á fyrri hluta þessa árs. Tæplega 2.300 ábendingar voru færðar inn á ábendingavef samráðsins og hundruð annarra skiluðu sér í gegnum stýrihópa í hverfunum á umræddu fimm mánaða tímabili. Sú mikla þátttaka er besta vísbendingin um að verkefnið hafi skilað tilætluðum árangri.



Eftirtekt vekur hversu margar ábendingar snúa að umferðaröryggi. Á vegum Reykjavíkurborgar hefur verið leitast við að koma til móts við þessar ábendinga innan samráðsins, m.a. með hraðahindrunum, götumerkingum og gangbrautarljósum. Aðrar ábendingar eru of yfirgripsmiklar til að hægt sé að

¹ Innifalinn er vsk. Ekki hefur fengist endanlega niðurstaða um hversu mikið af honum fæst endurgreitt.

koma til móts við þær innan verkefnisins. Brugðist hefur verið við þeim með því að vekja athygli á þeim við sérfræðinga Reykjavíkurborgar á sviði umferðarmála.

Ekki má heldur gleyma því að í tengslum við ábendingar á samráðsfundum íbúa og borgarstjóra óskaði borgarráð eftir því að umhverfis- og samgönguráð legði fram áætlun um fjölgun 30 km svæða og mislægra göngutengsla í haust. Jafnframt skal minnt á að tillögu fráfarandi borgarstjóra samþykkti borgarráð 30 mkr. aukafjárveitingu til að stuðla að auknu umferðaröryggi í Háaleitis- og Laugardalshverfi í framhaldi af óskum íbúa. Upphæðin skiptist með þeim hætti að 20 mkr. verður varið til aðlögunar 30 km svæðis á Háaleitisbraut árið 2008. Tíu milljónum verður varið til aðgerða í því skyni að lækka umferðarhraða umhverfis Laugalækjaskóla á árunum 2008 til 2009.

Annar áberandi flokkur ábendinga í öllum hverfum borgarinnar snýr að umgengni og hreinsun í borginni. Á vegum skrifstofu gatna- og eignaumsýslu hefur verið brugðist við þeim ábendingum með áætlun um að fjölga ruslafötum og bekkjum í hverju hverfi um 10 til 15 á yfirstandandi og næsta ári. Stærri ruslatunnum verður komið fyrir við nokkrar stofnanir í Vesturbæ Reykjavíkur. Sérstökum flokkunarruslafötum verður komið fyrir á nokkrum stöðum í miðborginni á árinu.

Ýmsar ástæður liggja að baki því að ekki er hægt að koma til móts við allar óskir íbúa. Sumar ábendinganna heyra undir aðra aðila en Reykjavíkurborg og hefur þeim verið beint í viðeigandi farveg. Aðrar ábendingar krefjast svo tímafreks undirbúnings að ekki hefur reynst unnt að færa þær inn á framkvæmdaáætlun fyrir yfirstandandi og næsta ár.

Vakin hefur verið athygli á þessum ábendingum á viðkomandi sviðum og við meirihlutann í borginni. Sem dæmi um þessar ábendingar má nefna rekstur frístundastrætisvagna innan allra hverfa, skipulagningu árlegra hreinsunardaga í öllum hverfum, niðurfellingu girðinga í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum, reiðstíg



frá Kollafirði að mótum Kjósar, göngu-/hjólreiðastíg frá Grundarhverfi að Mosfellsbæ og malbikun göngu-/hjólreiðastígs sunnanmegin Grafarvogs. Nýstárlegar hugmyndir fólust í ábendingum um sérstök hverfahlið, „inniróló“ og stjörnukíki eða stjörnukort á Arnarhóli í tilefni af stjörnufræðiári Sameinuðu þjóðanna árið 2009.

Tvær meginástæður liggja fyrir því að umfang verkefnisins varð talsvert meira en gert var ráð fyrir í upphafi. Önnur ástæðan felst í þeirri staðreynd að verkefnið á sér í raun enga hliðstæðu. Erfitt var því um vik að áætla umfang þess í upphafi, t.a.m. um þróun ábendingavefsins. Kostnaður við þróunina varð talsvert meiri en gert var ráð fyrir í upphafi. Hin ástæðan felst í því að þátttaka borgarbúa varð mun almennari en búist var við í upphafi. Sú staðreynd olli því m.a. að mun meiri vinna fólst í samskiptum við borgarbúa en séð var fyrir í ársbyrjun.

Ekki varð heldur ljóst að ábendingar borgarbúa yrðu jafn yfirgripsmiklar og raun bar vitni og leita þyrfti liðsinnis hátt í 70 borgarstarfsmanna til að svara ábendingum borgarbúa á ábendingavefnum. Rétt er að taka fram í því sambandi að haldin voru 4 námskeið fyrir ábyrgðarmenn vefsins auk þess sem starfsmaður símavers hefur veitt þeim leiðbeiningar og stuðning í gegnum síma.



Eins og fram kemur í yfirliti yfir fjölda ábendinga skiluðu auglýsingar sér í auknum fjölda ábendinga. Skráðum ábendingum fjölgaði verulega í kjölfar kynningar í upphafi, í tengslum við samráðsfundi og útgáfu bæklinga um afrakstur samráðsins í júlí. Auglýsingakostnaður virðist því hafa skilað tilætluðum árangri. Töluvert var fjallað um verkefnið í fjölmiðlum á meðan á því stóð bæði í fréttum og afþreyingarþáttum.

Farið var yfir framkvæmd samráðsfundanna á fundi með framkvæmdastjórum þjónustumiðstöðvanna í vor. Framkvæmdastjórnir voru sammála um að fundirnir hefðu á heildina litið tekist mjög vel. Fundarsókn hefði verið betri og meiri aldursbreidd meðal fundargesta heldur en verið hefði á hefðbundnum fundum

borgarstjóra úti í hverfunum. Jákvæðir þættir voru m.a. sýningar á afrakstri hverfasamráðs, fjölbreytt skemmtidagskrá, barnahorn og skreytingar. Sumum framkvæmdastjórnanna þótt neikvætt að borgarstjóri skyldi koma inn á miðjan fund í þeirra hverfi og fara áður en fundartíma lyki. Framkvæmdastjórnarnir voru sammála um að heppilegra hefði verið að halda aðeins tvo fundi hvern laugardag. Með því móti hefði borgarstjóri getað setið út fundinn.

Óhætt er að segja að samstarf borgarstarfsmanna við framkvæmd verkefnisins hafi gengið mjög vel. Starfsmenn hafa tekið höndum saman þvert á deildir og svið borgarinnar við að vinna að framgangi verkefnisins þó oft og tíðum hafi vinna við verkefnið valdið auknu álagi á starfsmenn.

Í tengslum við frekari þróun verkefnisins er ástæða til að minna á að þverfagleg samráðsverkefni á borð við 1,2 og Reykjavík kalla í senn á hvatningu og aðhald innan borgarkerfisins. Af þeirri ástæðu er lagt til að svokallaðar frammistöðuskýrslur í tengslum við svörun á ábendingavef verði sendar sviðsstjórum hálfsmánaðarlega.

Framtíðarsýn

Skemmst er frá því að segja að framkvæmd verkefnisins hefur gengið vonum framar bæði hvað varðar samráð innan borgarkerfisins og við borgarbúa. Ekki leikur vafi á að grundvallarskipulag/hugsun 1,2 og Reykjavík felur í sér fjölmarga spennandi möguleika í útfærslu á samskiptum Reykjavíkurborgar og borgarbúa.

Enda þótt ekki verði tekin afstaða til þess hversu langt beri að ganga í þróun verkefnisins að sinni þykir rétt að vekja athygli á þremur leiðum í þessu sambandi. Fyrsta leiðin felur í sér að verkefnið verði nánast í óbreyttri mynd fellt inn í fasta starfsemi Reykjavíkurborgar ár hvert. Önnur leiðin felst í því að verkefnið verði útvíkkað með þeim hætti að ábendingar borgarbúa nái til allra sviða borgarinnar. Þriðja leiðin felst í því vefurinn verði gerður að vettvangi fyrir „lifandi og gagnvirk samskipti við borgarbúa.“ Með öðrum orðum að rétt eins og borgarbúar geti sent inn ábendingar geti borgaryfirvöld sent skilaboð til borgarbúa og „speglað“ hugmyndir

um þjónustu borgarinnar með því að óska eftir viðbrögðum borgarbúa á vefnum. Hér gæti verið um að ræða þróunarverkefni til 3-4 ára.

Verkfræðiskrifstofan Iceconsult, sem vann að tæknilegri útfærslu ábendingavefsins í samráði við sérfræðinga innan borgarkerfisins, telur að eftirfarandi þætti væri hægt að þróa áfram innan ofangreinds tímaramma:

- Ábendingar næðu til allra sviða innan borgarinnar.
- Tengsl við Rafræna Reykjavík t.d. með þeim hætti að beina öllum persónulegum svörum inn á „mína síðu“ inni í Rafrænni Reykjavík. Sömuleiðis ætti að skrá allar ábendingar sem tiltekinn aðili hefur sent inn á „mína síðu“ innan Rafrænnar Reykjavíkur – og svör við þeim.
- Þróa fyrirkomulag þar sem skipulag er kynnt í einstökum hverfum og óska eftir ábendingum og skoðunum.
- Stuðla að gegnsæi verkferla innan borgarinnar þannig að þegar verki er lokið t.d. hjá Framkvæmda- og eignasviði þá skráist slíkt sjálfvirkt á vefinn t.d. með myndum og niðurstöðu verkbeiðnar.
- Upplýsa alla sem greiða atkvæði um einstakar ábendingar um framgang þeirra í gegnum tölvupóst.
- Borgin gæti tilkynnt áætlanir um gatnaframkæmdir, viðgerðir, græn svæði og fleira og tekið við ábendingum á vefnum.
- Opna samskiptaþráð fyrir allar ábendingar.
- Borgin gæti framkvæmt skoðanakannanir um einstök mál og fengið viðbrögð.
- Útvíkka forsíðu og gera meira lifandi – hvaða mál eru í gangi / mæliniðurstöður einstakra skoðanakannana o.fl.
- Samtímis þessu væri hægt að efna til átaksbundinnar markaðskynningar í tengslum við einstök verkefni.
- Senda tölvupóst til þeirra sem vilja fá reglulegar upplýsingar um framgang einstakra verkefna.
- Útvíkka ábendingarþjónustuna t.d. þannig að íbúar geti tekið mynd í gegnum GSM síma og sent texta og mynd á ábendingavefnum.

Iceconsult er reiðubúið að gera þjónustusamning við Reykjavíkurborg í tengslum við ofangreinda þróun. Kostnaður við slíkan samning gæti numið á bilinu 3-4 milljónum á ári.